



Einar Jóhann Þórólfsson

Fæddur 16. apríl 1949

Dáinn 22. júní 2023



Útför frá Bjarnaneskirkju
laugardaginn 1. júlí 2023



Prestur: Sr. Gunnar Stígur Reynisson
Organisti: Guðlaug Hestnes
Kór: Stakir jakar
Umsjón útfarar: Hjalti Egilsson

*Fjölskyldan þakkar auðsýndan hlýhug og vináttu
og býður kirkjugestum að þiggja veitingar
í Félagsheimilinu Stekkhól að athöfn lokinni.*



Forspil

Danny boy

Írskt þjóðlag

Signing og bæn

Dag í senn, eitt andartak í einu,
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,
þegar Guð minn fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni
minna daga skammti’ af sæld og þraut,
sér til þess, að færa leið ég finni
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærri,
heilög elska, viska, föðurnáð.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg, að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum
frið og styrk, sem ekkert buga má.
Auk mér trú og haltu huga mínum
helgum lífsins vegi þínum á,
svo að ég af hjartapeli hreinu,
hvað sem mætir, geti átt með þér
daginn hvern, eitt andartak í einu,
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

Lina Sandell-Berg / Sigurbjörn Einarsson - O. Ahnfelt 1872

Ritningarlestur

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Adams / Matthías Jochumsson - L. Mason

Ritningarlestur

Húmar að kveldi, hljóðnar dagsins ys,
hnígur að ægi gullið röðulblys,
vanga minn strýkur blærinns blíðri hönd,
og báran kveður vögguljóð við fjarðarströnd.
:,: Ég er þreyttur :,: og ég þrái svefsins fró.–
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði’ og ró.

Syngdu mig inn í svefninn, ljúfi blær,
sorgmæddu hjarta’ er hvíldin jafnan vær.
Draumgyðjan ljúfa, ljá mér vinarhönd
og leið mig um þín töfraglæstu friðarlönd.
:,: Ég er þreyttur :,: og ég þrái svefsins fró.–
Kom, draumanótt með fangið fullt af friði’ og ró.

Jón Jónsson frá Ljárskógum - Stephen Foster

Guðspjall

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta,
á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyr höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.

Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

23. Davíðssálmur - Margrét Scheving

Minningarorð

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Foersom / Sveinbjörn Egilsson - P. C. Krossing

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson - P. C. Krossing

Bæn

Einleikur

Söknuður

Jóhann Helgason

Faðir vor

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, –
líf mannlegt endar skjótt.

Moldun

Ég lifi’ í Jesú nafni,
í Jesú nafni’ eg dey,
þó heilsa’ og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti’ eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson - Antwerpen 1540 Breytt 1840

Blessun

Eftirspil

Ég er kominn heim

Jón Sigurðsson - E. Kálmán